

Göngu-Hrólfur:

Á FÖRNUM VEGI

Sinfóníuhljómsveitin

setur í vaxandi mæli svip sinn á tónlistarlífið í Reykjavík. Hún hefur frá áramótum haldið fjóra tónleika, og stjórnuðu þeir Róbert A. Ottósson og Olav Kielland tveimur hvor.

Frá tónleikum Róberts A. Ottóssonar eru sérlega minnisstæð tvö verk: „Örlagaljóð“ eftir Brahms, sem Samkór Reykjavíkur söng með hljóm-sveitinni, og píanókonsertinn nr. 1 í b-moll eftir Tschaikowsky, með einleik Rögnvalds Sigurjónssonar. Það kom í ljós, að Samkórinn, sem lítið hefur látið á sér bæra um alllangt skeið undanfarið, er á skömmum tíma orðinn vel æfður og samstilltur undir stjórn Róberts A. Ottóssonar. Rögnvaldur lék píanókonsertinn af miklum þrótti og innlifun, enda þótt herzlumuninn vantaði til þess að

þetta tilfinningaríka en að forminu til einkar losaralega verk orkaði fyllilega



sannfærandi á áheyrendur. Róbert A. Ottósson sýndi það á þessum tónleik-

Það tæknilega ljóðform, sem Steinn Steinar er brautryðjandi í og náð hefur hámarki í Tímanum og vatninu, er að mínum dómi miklu strangara og erfiðara en hið svo kallað hefðbundna form. Steinn hefur ekki sagt skilið við stuðlana, en hann dregur úr óþörfum styrkleik þeirra, notar þá af meiri smekkvísi en nokkurt annað skáld, felur þá í ljóðinu. Hins vegar er vald hans í að samræma fögur orð atvikum, atburð-

um, tónrænum og litrænum orðum og myndum, ásamt rökrétrri hugsun, geysi mikið. Þessi ljóðtækni á ekkert skylt við heimspekilegt viðhorf hans. En það væri ánægjulegt, að sjá sannleikskorn, brotabrot úr lífi fólksins í svona efni- legu ljóðformi. En hvað er „fólk?“ myndi guðinn Steinn Steinar segja, og stara undrandi á þann, sem spyr.

Svo eru til mörg ný form handa ungu skáldunum að brjóta sér leið með.